

**1. fundur Fjallskilanevndar Tálknafjarðarhrepps,
haldinn að Miðtúni 1, Tálknafirði, miðvikudaginn 26. ágúst 2009
og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Ásgeir Jónsson (ÁJ), Vignir Arnarson (VA), Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS),

Fundargerð ritaði: Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir , oddviti

Hannes Kristjánsson boðaði forföll, eftir að fundur hófst.

Dagskrá:

1. 0908027 - Samþykkt um búfjárhald í Tálknafjarðarhrepp

Drög að samþykkt um búfjárhald var tekin til fyrri umræðu á 295.fundi hreppsnefndar þann 6.febrúar 2002 og fékk eftirfarandi afgreiðslu : "*...að ábúendum lögbýla verði send þessi drög til kynningar og athugasemda og einnig verði samþykktinni vísað til fjallskilanevndar til umsagnar. Samþykkt samhljóða*". Fjallskilanevnd tók drögin fyrir á fundi þann 21.febrúar 2002 og voru engar athugasemdir gerðar, en hvatt til þess að auglýsa hana sem best. Samþykkt um búfjárhald var tekin fyrir í síðari umræðu á fundi hreppsnefndar þann 13.mars 2002 og samþykkt samhljóða. Samþykktin tók aldrei gildi.

Hreppsnevnd tók málið upp á 384.fundi hreppsnefndar þann 16.apríl 2008. Fjallskilanevnd samþykkir fyrirbyggjandi drög að samþykkt um búfjárhald í Tálknafjarðarhreppi og leggur til að ábúendum/forráðamönnum lögbýla og skráðum búfjáreigendum verði send drögin til kynningar og athugasemda. Samþykkt samhljóða.

**2. 0907043 - Búnaðarsamband Vestfjarða. Tillaga frá Búfjárræktarnefnd.
Bréf dagsett 7. júlí**

Fjallskilanevnd tekur undir tillögu Búnaðarsambands Vestfjarða um að komið verði á samræmdum reglum um fjallskil innan hvers varnarhólfs á Vestfjörðum. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:10

_____	_____
_____	_____
_____	_____